

Greinargerð

Umrædd tillaga að reglugerð um bann við veiðum með fiskibotnvörpu á svæði út af Glettinganesi er komin frá heimamönnum á Borgarfirði eystri. Svæðið er milli 6 og 12 mílna frá viðmiðunarlínu, frá Glettinganesi norður að Fonti á Langanesi (Skápur). En þar er togskipum styttri en 29 m heimilaðar togveiðar allt árið inn að 6 mílum.

Nú sé staðan sú að á hverju hausti fyllist svæðið af togurum, sem séu að veiðum þar allt fram í janúar. Þetta sé „eitt örfárna svæða á landinu þar sem togarar mega veiða svo grunnt á hörðum botni allt árið.“

Tillaga þeirra er „að skápurinn verði minnkaður um 10-15% í suður enda hans til að forsendur verði fyrir smábátaútgerð á Borgarfirði á þessum tíma og aðkomubátar haldi áfram að koma. Tímabundin lokun myndi duga frá júlíbyrjun til desemberloka ár hvert. Lokun á suðurenda skápsins er eitthvað sem verður að gerast. Hún er réttlætanleg út frá byggðasjónarmiðum sem og náttúrusjónarmiðum.

Við vinnslu reglugerðardraganna var byggt á athugun Fiskistofu á umfangi veiða með fiskibotnvörpu á umræddu svæði tímabilið 1. júlí til 31. des. árin 2017 til 2020.

Ár	Fjöldi skipa	Fjöldi daga	Heildarafli	Þar af þorskur	Þar af ýsa
2017	3	8	109.725	34.480	71.420
2018	3	29	475.392	219.339	250.613
2019	8	37	563.340	348.112	201.315
2020	8	18	165.419	82.719	73.414

Í ljósi fyrirliggjandi gagna frá Fiskistofu af leiðarlinum (tracki) og úr afladagbók togskipa er það mat ráðuneytisins að málið snúist í hnotskurn um umferðastjórnun á miðunum, þ.e. hvort ekki sé réttast að verða við þeim óskum sem fram koma í erindi heimamanna á Borgarfirði eystra og þannig verði útgerðum minni báta frá norðanverðum Austfjörðum gert kleift að stunda veiðar með arðbærari hætti en ella. Slík reglugerð myndi hafa áhrif á þá togbáta sem sótt hafa svæðið að meðaltali í tvo til níu daga á umræddu sex mánaða tímabili á hverju ári.

Tillaga að hólfi (8 hnit, sjá nánar á meðfylgjandi mynd sem teiknuð er af LHG).

1. 65°45,18'N - 13°47,06'V
2. 65°45,18'N - 13°28,27'V
3. 65°40,32'N - 13°17,92'V
4. 65°34,84'N - 13°08,97'V
5. 65°30,66'N - 13°07,82'V
6. 65°30,66'N - 13°22,05'V
7. 65°32,75'N - 13°22,62'V
8. 65°36,75'N - 13°29,14'V

